

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sveinn Bergmann Bjarnason sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði Björn Kolbeinsson sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skil-orð IV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar hestaréttarlögmanns Ólasonar, kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 17/1946. Réttvísín og valdstjórnin

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Emil Hjartarsyni (Hrl. Theódór B. Lindal)
og

Jóhannesi Halldórssyni
(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Manndráp af gáleysi og brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hestaréttar.

Ákærði Emil Hjartarson kveður, að fjarlægðin frá bifreiðinni til barnanna hafi verið ekki undir 10—15 metrar, þegar hann tók eftir börnunum í sandhrúgunni. Börn þessi voru 4—5 ára, og var því rík ástæða til varúðar, þar sem búast má við, að svo ung börn hlaupi skyndilega inn á akbrautina, þegar þau eru að leik rétt utan við hana. Ákærði Emil brýndi samt ekki að því sinni fyrir ákærða Jóhannesi að viðhafa sérstaka árvekni vegna barnanna og hófst ekki handa um að afstýra slysi fyrr en í óefni var komið. Með greindri hegðun sinni hefur ákærði Emil, sem samkvæmt 21. gr. laga nr. 23/1941 bar ábyrgð á stjórn bifreiðarinnar, gerzt samvaldur að slysinu. Þetta hátterni ákærða, akstur hans án virks hraðamælis, kennsla bifreiðaaksturs, áður en

ákærði náði 25 ára aldri og vanræksla á því að hafa kennslumerki á bifreiðinni varðar við lagaákvæði þau, sem greinir í héraðsdómi. Þykir refsing ákærða Emils hæfilega ákveðin kr. 3000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis á hendur ákærða Emil þykir mega staðfesta.

Ákærði Jóhannes Halldórsson sá börnin í sandhrúgunni, er bifreiðin átti ófarna allt að 30 metra að þeim. Hann mátti, svo sem áður var sagt um ákærða Emil, gera ráð fyrir því, að þau hlypu fyrirvaralaust inn á veginn, er bifreiðina bæri að þeim. Þótt hann hefði enn ekki lært akstur nema að litlu leyti, mátti samt gera þá kröfu til hans, að hann hægði ferð, gæfi hljóðmerki og gætti fyllstu varúðar, er hann nálgast börnin. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með óbreyttum hraða, allt þar til slysið varð. Verður af þessum sökum að telja varúðarleysi hans samorsök slyssins. Hefur hann því gerzt brotlegur við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar fer sem hér segir.

Ákærði Emil Hjartarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, samtals 700 krónur. Ákærði Jóhannes greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Emil Hjartarson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis á hendur ákærða Emil Hjartarsyni staðfestist.

Ákærði Jóhannes Halldórsson greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Emil Hjartarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Theódórs B. Lindals, 700 krónur. Ákærði Jóhannes Halldórsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, héraðsdómslögmanns Jóns N. Sigurðssonar, 300 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, 400 krónur. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. nóvember 1945.

Árið 1945, mánudaginn 5. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu 2378—2379/1945. Réttvísinn og valdstjórnin gegn Emil Hjartarsyni og Jóhannesi Halldórssyni, sem tekið var til dóms 8. október þ. á. Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Emil Hjartarsyni húsgagnasmið, Langholtsvegi 22, og Jóhannesi Halldórssyni húsgagnasmið, Dyngjuvegi 17, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði Emil er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. maí 1921 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Jóhannes er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. október 1913, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu að öðru leyti en því, að hann var í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 4. ágúst 1942 sektaður með réttarsátt um kr. 10.00 fyrir brot gegn reglum um einstefnuakstur.

Miðvikudaginn 4. júlí s. l. varð bifreiðarslys um kl. 18.10 á Langholtsvegi á móts við húsin nr. 29—31. Drengurinn Hreiðar

Sæmundsson, Efstasundi 28, fæddur 24. júlí 1940, varð þar fyrir bifreiðinni R 2927 og beið bana af.

Bifreið þessi, sem er fólksbifreið, keypt hjá sölunefnd setu-liðsbifreiða, var skrásett hér 30. maí s. l. og skoðuð sama dag og reyndist þá vera í allgóðu ástandi. Rétt eftir slysið athugaði lög-reglan bifreiðina og reyndi hemla hennar. Hemlarnir reyndust góðir og jafnir á báðum hjólum, og bifreiðin virtist yfirleitt í góðu standi. Samkvæmt framburði ákærða Emils var yfirbygging hennar þó í smíðum, og samkvæmt framburði beggja ákærðu var hraðamælir hennar í ólagi. Stýrið er vinstra megin á bifreiðinni og fót-hemlastigið er vinstra megin við benzingjöfina.

Pegar slysið varð, var ákærði Emil að kenna ákærða Jóhannesi bifreiðarakstur á bifreiðinni R 2927, og voru þeir báðir í eðlilegu ástandi og vel fyrir kallaðir að eigin sögn. Þá undanfarin kvöld hafði ákærði Emil kennt ákærða Jóhannesi akstur á þessari bifreið, og hafði sú kennsla farið fram í 8—10 klukkustundir alls. Ákærði Jóhannes ber, að ákærði Emil hafi í upphafi kennslunnar brýnt fyrir sér varkárni gagnvart öllum vegfarendum og sérstaklega varað sig við börnum og hestum. Ákærði Emil kveðst í hverri kennslustund hafa brýnt fyrir ákærða Jóhannesi að fara gætilega þar, sem börn væru nálægt.

Mjög skömmu fyrir slysið lögðu ákærðu af stað í bifreiðinni frá heimili ákærða Emils suður Langholtsveginn, og sat ákærði Jóhannes undir stýri hennar sem nemandi í bifreiðarakstri, en ákærði Emil sat hægra megin við hann í framsætinu sem öðukennari og stjórnandi bifreiðarinnar, sbr. 21. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941. Í fyrri kennslustundum hafði ákærði Emil haft á bifreiðinni hin lögboðnu merki um, að hún væri kennslu-bifreið, en í þetta sinn setti hann þau ekki upp. Var ætlun hans að setja þau upp við heimili ákærða Jóhannesar, sem er ekki langt frá slysstaðnum, en þar ætluðu þeir að nema staðar.

Bifreiðin hefir fjórar gangskiptingar áfram, og hafði henni verið skipt í þriðju gangskiptingu fyrir slysið. Ökuhraðinn suður veginn var, að því er ákærðu gízka á, sem næst 10—12 mílur enskar, miðað við klukkustund, og hélzt hann sá sami fram að slysinu. Vestan við Langholtsveginn á móts við húsið nr. 29 var sandhrúga, og á þessum tíma voru þar þrjú börn, fjögurra og fimm ára gömul, að leika sér, þeirra á meðal drengurinn Hreiðar Sæmundsson, fjögurra ára.

Ákærði Jóhannes tók eftir börnunum úr nokkurri fjarlægð, og virtust honum þau vera tvö, standa uppi á sandhrúgunni og horfa í áttina til bifreiðarinnar. Sýndist honum fullorðinn maður standa hjá þeim, en það mun hafa verið missýning. Þegar bifreiðin nálg-aðist hrúguna, taldi ákærði enga hættu í því fólgni að aka fram hjá börnunum og ók því áfram á óbreyttum hraða.

Ákærði Emil getur ekki um það sagt með vissu, í hvaða fjarlægð bifreiðin var frá börnunum, þegar hann tók fyrst eftir þeim, en segir hana þó ekki hafa verið skemmri en 10—15 metra. Hann taldi, að ákærði Jóhannes hefði orðið barnanna var um svipað leyti og vakti ekki athygli hans á þeim. Bifreiðin ók á vinstri vegarhelmingi, en vegurinn, sem þarna er malborinn, er sem næst 6 metra breiður, og á að gizka metersbil var frá hægri vegarbrún að sandhrúgunni, sem börnin voru uppi á. Þegar bifreiðin var að komast á móts við sandhrúguna, hljóp Hreiðar sálugi úr henni inn á veginn, en lítil telpa, sem einnig var á sandhrúgunni og sjónarvottinum Sveini Gíslasyni, Hjallavegi 48, virtist einnig ætla að hlaupa inn á veginn, nam staðar við vegbrúnina. Sveinn kallaði til drengsins, en hann sinnti því ekki. Ákærði Jóhannes ber, að drengurinn hafi hlaupið inn á veginn og fyrir framenda bifreiðarinnar svo nálægt henni, að ákærði sá hann ekki úr sæti sínu, þegar hann var kominn fram fyrir bifreiðina. Hann kveður ákærða Emil hafa þá strax þrifið í handhemlana, en sig hafa beygt stefnu bifreiðarinnar til vinstri, og hafi bifreiðin runnið skáhallt út af veginum og numið þar staðar, en um leið og ákærði Emil tók í handhemlana, telur hann sig hafa ætlað að stíga á fót-hemlana, en hafa í fátinu, sem á sig var komið, ekki stigið á þá, heldur á benzínjöfina.

Ákærði Emil ber, að þegar bifreiðin hafi verið að koma á móts við sandhrúguna, hafi drengurinn og stúlkan hlaupið frá henni inn á veginn, en stúlkan numið staðar rétt við vegbrúnina. Drengurinn hafi hlaupið hratt inn á veginn og fram fyrir bifreiðina svo nálægt, að hann fór í hvarf við vélarhúsið frá ákærða séð. Í þessu sveigði ákærði Jóhannes bifreiðina til vinstri út af veginum, en ákærði Emil neytti handhemlanna, eins og unnt var. Telur hann það áreiðanlegt vera, að ákærði Jóhannes hafi á slysaugnablikinu stigið á benzínjöfina í stað fót-hemlanna. Vitnið Sveinn Gíslason sá ekki aðdraganda slyssins fyrr en rétt um það bil, er það var að gerast, og felast engar upplýsingar í framburði vitnisins fram yfir þær, er nú hafa verið raktar.

Þegar bifreiðin hafði numið staðar, lá drengurinn ca. 5 metra fyrir aftan hana. Ákærði Emil ók strax með hann í bifreiðinni á Landspítalann, en hann andaðist þar rétt eftir komuna þangað, Við krufninguna kom í ljós, að hann hafði skaddast mikið innvortis, og ályktar Rannsóknarstofa Háskólans, sem framkvæmdi krufninguna, að banameinið hafi verið „innvortis blæðingar og shock út frá því.“

Að tilhlutun verjanda ákærða Emils hefur verið leitað álits tveggja sérfróðra manna um bifreiðar og ökukennslu, þeirra Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns og Steingríms Gunnarssonar öku-kennara, um, hvort aðrar tiltækilegar aðferðir en notaðar voru

hafi, eins og á stóð, verið fyrir ákærða Emil til að forða slysi og hver sé skýringin á því, að bifreiðin rann áfram, þótt handhemlum væri beitt að fullu. Þessu hafa þeir svarað þannig: „Eins og stjórnþækjum bifreiðarinnar er fyrir komið, er ekki hægt að álita, að Emil hafi getað gert annað en hann gerði, nema að rjúfa rafkveikju vélarinnar, en það er þó ekki hægt að gera samtímis, því að nota verður sömu hönd til hvors tveggja: Að beita handhemlinum og rjúfa kveikjuna. Teljum við því ekki, að um vanrækslu sé hér að ræða af hendi Emils. Skýringin á því, að bifreiðin rann áfram, þótt handhemlinum væri beitt að fullu, hlýtur að vera aðallega sú, að vélin hafi fengið gasgjöf og tengslið ekki verið rofið (ekki koplað frá). Hvorugt þetta gat Emil haft áhrif á.“

Eins og þessi álitsgerð sýnir, verður að telja ákærða Emil hafa gert allt, sem af honum varð krafizt, til að forða slysi, þegar svo var komið, að drengurinn var farinn að hlaupa inn á veginn, þó að það kæmi ekki að haldi, annað hvort vegna þess, að ákærði Jóhannes gaf benzín á vélina um leið, eða af öðrum ástæðum.

Samkvæmt 21. gr., 6. mgr., bifreiðalaganna ber ökukennari ábyrgð á, að akstursæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megí hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er til til kunnáttu nemandans. Nú stóð þannig á í því tilfelli, er hér liggur fyrir, að nemandinn, ákærði Jóhannes, hafði einungis lært akstur í 8—10 klukkustundir. Þar sem hann þannig var byrjandi við námið, bar ökukennaranum, ákærða Emil, rík skylda til að hafa vakandi athygli á akstri hans og gæta þess til hins ýtrasta, að engum stafaði hætta af akstrinum. Bar honum enn ríkari skylda til aðgæzlu sökum gerðar bifreiðarinnar, sem olli því, að hann náði eigi til fóthemblanna úr sæti sínu. Þó að hann hefði áður brýnt fyrir ákærða Jóhannesi að fara varlega, þar sem börn væru nálægt, bar honum að aðvara hann sérstaklega í þessu tilfelli, og honum bar að gæta þess, að unnt væri að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef börnin færu út á veginn. Af börnum á þessum aldri má ætíð búast við skyndilegum og gálauslegum hreyfingum, enda reyndist svo þarna. Föör drengsins úr sandhrúgunni og inn á miðjan veginn hefur að vísu tekið mjög skamman tíma, en þó svo langan, að ætla má, að hefði ákærði Emil beitt sérstakri athygli, er drengurinn lagði af stað í þá föör, hefði hann getað gert ráðstafanir til að stöðva bifreiðina í tæka tíð eða beygja fram hjá drengnum.

Þó að ógætni drengsins ætti mjög ríkan þátt í slysinu, þykir ákærði Emil þó við þetta tækifæri ekki hafa sýnt þá gætni, sem af honum varð krafizt, eins og á stóð, og varð þetta gáleysi hans meðorsök slyssins og dauða drengsins. Með gáleysi þessu hefur hann því að áliti réttarins gerzt brotlegur við 215. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 27 gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þá hefur hann einnig með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis, með því að kenna bifreiðaakstur, áður en hann náði 25 ára aldri, og með því að hafa ekki uppi kennslubifreiðarmerkin við aksturinn gerzt brotlegur við 9. gr. og 21. gr. 1 og 3. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Af 21. gr. bifreiðalaganna leiðir, að ökukennari ber ábyrgð samkvæmt þeim lögum á akstrinum, meðan kennsla stendur yfir. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna ákærða Jóhannes af ákær-unni um brot gegn bifreiðalögunum. Honum bar sem nemanda ákærða Emils að hlíta forsjá hans í öllu, er að akstrinum laut, og átti að mega treysta því, að hann leiðbeindi sér við margnefnt tækifæri og að hann afstýrði slysum. Vegna þessa þykir óvarlegt að telja hann bera refsíábyrgð samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga á þeim aðgæzluskorti í akstri bifreiðarinnar, sem talinn er hafa verið meðorsök slyssins, eða því, að hann í fátí i slysaugnablikinu sté á benzínjöfina í stað fóthemlanna. Verður ákærði Jóhannes því sýknaður í máli þessu.

Refsing ákærða Emils þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða Emil bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhannesar, hdl. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði, en annan kostnað sakarinnar greiði ákærði Emil, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Línðals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Halldórsson skal vera sýkn af ákæru rétt-sinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærði Emil Hjartarson sæti fangelsi í 30 daga, en fulln-ustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði Emil skal sviptur bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhannesar, hdl. Jóns N. Sigurðssonar, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði, en ann-

an kostnnað sakarinnar greiði ákærði Emil, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Theódórs Lindals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 144/1945. **Rútur Jónsson** (Hrl. Gútaf A. Sveinsson)

gegn

Jakob Thorarensen (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember f. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða úrskurðar verður að staðfesta hann, en rétt þykir, eins og á stendur, að áfrýjandi sé ekki sviptur afnotum húsnæðisins fyrir 14. maí næstkomandi.

Rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, þó svo, að áfrýjanda, Rúti Jónssyni, er ekki skylt að rýma leiguíbúð sína í húsinu nr. 2 A við Skálholtsstíg fyrir 14. maí 1946.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.